

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Sæbraut – Skeiðarvogur/Kleppsmýrarvegur. Gönguþveranir merktar sem gangbrautir

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Gönguþverun yfir frárein af Sæbraut inn á Skeiðarvog verði merkt sem gangbraut
- Gönguþverun yfir frárein af Sæbraut inn á Kleppsmýrarveg verði merkt sem gangbraut
- Gönguþverun yfir aðrein af Kleppsmýrarveg inn á Sæbraut verði merkt sem gangbraut
- Gönguþverun yfir aðrein af Skeiðarvogi inn á Sæbraut verði merkt sem gangbraut

Gönguþveranirnar verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Tillagan hefur verið unnin í samráði milli Vegagerðarinnar, sem er veghaldari á fráreinunum af Sæbraut, og skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Samhliða uppsetningu gangbrauta verða settar upphækkar hraðahindranir sem eru merktar með viðeigandi umferðarmerki.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

- Hjálagð: 1. yfirlitsmynd með viðeigandi umferðarmerkjum
2. Tillaga Vegagerðarinnar um breytingar á fráreinum Sæbrautar inn á Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog



Reykjavíkurborg



**Reykjavíkurborg**

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Natan Freyr Guðmundsson
Höskuldur Rúnar Guðjónsson

Efni: Breyting á fráreinum Sæbrautar inná Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog


Með vísan til 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 varðandi “Sérákvæði um notkun vega, hraðatakmark ofl” er hér sent tillaga vegþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um tvær nýjar gangbrautir á fráreinum Sæbrautar inná annars vegar Kleppsmýrarveg og hins vegar Skeiðarvog. Um er að ræða veg 41-04 og gatnamótin við st. 725 (miðja gatnamótanna).

Tillagan er gerð að beiðni Vegagerðarinnar og til þess fallin að bæta umferðaröryggi óvarða vegfarenda um gatnamót Sæbrautar og Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog. Þar sem Vegagerðin á fráreinar á viðkomandi gatnamótum þá verður hún að taka afstöðu til þessara hluta. Umrædd beiðni felur í sér að merkt verði gangbraut á þessum tveimur stöðum og við þær verði gangbrautarkerki (D02.11).

Grunnur af tillögu þessari kemur vegna þeirrar miklu uppbyggingar sem á sér stað í hinu nýja Voga-hverfi, en þar er ekki búið að byggja t.d. skóla og þurfa því börn að þvera Sæbrautina til og frá skóla. Með því að merkja sérstaklega þessa hluta leiðarinnar yfir Sæbrautina er verið að auka umferðaröryggi allra þeirra vegfarenda sem þarna fara um. Tekið skal fram að ljósastýring gatnamótanna nær ekki að þessum fráreinum.

Það telst því nauðsynleg umferðaröryggisráðstöfun að setja merkingar á veginn við þessa göngupveranir ásamt því að merkja þær sérstaklega skiltum (D02.11). Við merkingu á veg skal setja viðeigandi yfirborðsmerkingar samkvæmt kafla 8.3 í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar, „Yfirborðsmerkingar“.

Hér að neðan er loftmynd af staðsetningu fyrirhugaðra breytinga.



Mynd 1: Myndin sýnir það svæði sem undir er.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Kristófer Ágúst Kristófersson

Síða 2/2

Vegagerðin